

24. Með bundið fyrir augu

Ekki horfa, bara hlusta!

Málefni	Mismunun, heilbrigði og velferð, þátttaka
Þyngdarstig	Stig 1
Aldur	6–8 ára
Tími	45 mínútur eða meira
Hópsærð	4–20 börn
Tegund verkefnis	Hermileikur, umræður
Yfirlit	Börn sem eru með bundið fyrir augun reyna að klæða dúkkulísu
Markmið	<ul style="list-style-type: none">• Að öðlast skilning á því að fötluð börn eru með sérþarfir og njóta sérstakra réttinda• Að þróa samvinnu og ýmiss konar samskiptaform innan hópsins
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none">• Búðu til dúkkulísu/útlínur af barni úr pappír eða pappa fyrir hvern fjögurra barna hóp• Festu þær á vegginn• Búðu til venjuleg fót á dúkkulísurnar úr pappír• Taktu til þann efnivið (dúkkulísu, fót, klút) sem hver hópur á að fá
Efniviður	<ul style="list-style-type: none">• Einn klútur fyrir hvern fjögurra manna hóp• Pappír eða pappaspjald til að búa til dúkkulísur og fót• „Kennaratyggió“, límband eða teiknibólur til að festa fötin á dúkkulísurnar



Leiðbeiningar

1. Spyrðu börnin hvort þau þekki einhvern sem er fatlaður. Hvaða fatlanir er t.d. um að ræða?
2. Spyrðu börnin hvort þau hafi nokkurn tíma velt því fyrir sér hvernig það sé að sjá ekki neitt. Útskýrðu fyrir þeim að í þessu verkefni fái þau að vita hvernig það sé að vera sjónskertur.
3. Skiptu börnunum í fjögurra manna hópa. Sýndu þeim dúkkulísurnar og fötin sem þau eiga að fá. Segðu þeim að hver og einn eigi að klæða dúkkulísuna með bundið fyrir augun. Hinir í hópnum mega leiðbeina honum.
4. Segðu þeim að binda fyrir augun á einhverjum í sínum hópi. Segðu þeim svo að láta „þann blinda“ fá flíkur, eina í einu, og sá á að reyna að klæða dúkkulísuna í þær. Segðu þeim að láta eins lítið uppi og þau geta, bara leiðbeina „hinum blinda“ þegar hann þarf á hjálp að halda.

Til að halda leiknum gangandi skal skipta um hlutverk eftir um það bil fjórar mínútur, hvort sem barninu hefur tekist að klæða dúkkulísuna eða ekki. Halda skal áfram þar til öll börnin hafa leikið „þann blinda“.

Samantekt og mat

1. Leggðu spurningar fyrir börnin, svo sem:
 - a. Hvernig var að sjá ekki neitt?
 - b. Var þetta erfitt verkefni? Hvers vegna?
 - c. Fenguð þið góðar leiðbeiningar frá hinum í hópnum ykkar? Hvernig hefðu þeir getað hjálpað ykkur meira?
 - d. Hvernig fannst ykkur að gefa leiðbeiningar? Var erfitt að útskýra sumt?





- e. Hvaða hlutir væru ykkur erfiðir ef þið væruð í raun og veru blind? Hvaða væri auðvelt eða erfitt að gera?
 - f. Hvaða skemmtilegu hluti gætuð þið auðveldlega gert, jafnvel þótt þið væruð fötluð? Hvað með eitthvað sem gæti verið erfitt að gera? Hefðuð þið samt gaman af því?
2. Dragðu fram staðalmyndir um fatlaða með því að spyrja spurninga á borð við:
- a. Hvað haldið þið að fötluðum börnum finnist gaman að gera? Hafa þau gaman af öðrum hlutum en þið? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
 - b. Haldi þið að fötluð börn eigi vini? Eiga þau bara vini sem eru líka fatlaðir? Að hvaða leyti væri erfitt að eiga fatlað barn að vini? Að hvaða leyti væri það skemmtilegt?
 - c. Hvað haldið þið að fötluð börn langi til að verða þegar þau verða stór? Eru þau öðruvísi en þið? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
 - d. Í þessu verkefni lærið þið að skilja hvers vegna sjónskert börn þurfa stundum hjálp við ýmislegt sem fólk með góða sjón á auðvelt með að gera. Dettur ykkur annars konar fötlun í hug þar sem fólk kann að þurfa á hjálp að halda?
 - e. Allir eiga rétt á þeim hlutum sem þeim eru nauðsynlegir til að geta lifað eðlilegu lífi. Nefnið nokkur atriði sem þið þurfið á að halda. Þurfa fötluð börn einnig á þessum hlutum að halda?

Tillögur um framhald

- Segðu börnunum að hugsa sér eitthvert verkefni sem þau gætu gert þótt allir væru með bundið fyrir augun. Veldu til öryggis verkefni þar sem allir sitja (t.d. spurningaleik, púsluspil, hlutverkaleik). Útskýrðu það vandlega og leggðu áherslu á hvað þau geta ekki og einnig hvað þau geta. Hvernig væri hægt að breyta verkefninu þannig að sjónskert börn gætu tekið þátt í því?
- Til að sýna fram á hvernig þörfin fyrir aðstoð gerir líka kröfur til væntanlegs aðstoðarmanns geturðu látið börnin gera stutt verkefni, svo sem „treystu mér“ þar sem „blint“ barn fær fylgd annars barns um hættulausan stað. Segðu þeim svo að skipta um hlutverk. Láttu þau lýsa reynslu sinni.
- Gefðu börnunum tækifæri til að prófa að leika annars konar fötlun, svo sem að vera hreyfihömluð (t.d. með því að fara í „pokahlaup“, prófa hækjur, vera með annan handlegginn í fatla) eða mállaus.
- Fjallað er um fötluð börn í nokkrum öðrum verkefnum. Í „Mállaus ræðumaður“, bls. 140, fá þau að prófa hvernig er að vera heyrnarlaus. „Allt sem við vitum“, bls. 53, fjallar um hvaða áhrif það hefur á þroska fatlaðra barna að vera skilin út undan.

Hugmyndir um aðgerðir

- Börnin geta fjallað um aðstæður heima hjá sér, í skólanum eða samfélaginu: gæti fatlaður einstaklingur lifað, starfað eða leikið sér þar á öruggan og þægilegan hátt? Væri hægt að gera eitthvað til að þessir staðir yrðu aðgengilegri?
- Hvar búa fötluð börn og hvar ganga þau í skóla hér á landi? Börnin gætu kannað hvar fötluð börn með sérþarfir búa og stunda sitt nám og hvers vegna þau eru/eru ekki meðal annarra barna.
- Skipuleggðu nemendaskipti í einn dag við hóp fatlaðra barna úr öðrum skóla eða frá annarri stofnun.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Í þessu verkefni er lagt upp með að ekkert barnanna sé fatlað. Í ýmsum hópum eiga sum barnanna við einhvers konar fötlun að stríða, þótt það sjái ekki strax (t.d. má líta á börn sem nota gleraugu sem sjónskerta einstaklinga). Vertu vakandi gagnvart börnunum og hugmyndum þeirra um sig sjálf, getu þeirra og/eða vangetu. Fáðu fötluð börn í bekknum þér til aðstoðar við að svara sumum spurningum sem upp koma en spyrðu þau fyrst undir fjögur augu hvort þau séu tilbúin til þess.



- Gættu þess að þegar rætt er um þá hjálp sem fatlaðir hafa þörf fyrir skal einnig taka fram hvað þeir eru færir um að gera sjálfir. Leggðu áherslu á að fatlað fólk hafi sama rétt og sömu grunnþarfir og allir aðrir.
- Hægt er að hengja dúkkulísur upp með límbandi eða teiknibólum eða setja pappaspjald eða pappír á korktöflu.

Tilbrigði

- Hægt er að nota bara eina eða tvær dúkkulísur og biðja börnin að klæða þær til skiptis. Ef tvær eru notaðar getur önnur verið stelpa og hin strákur, einnig er hægt að nota eina dúkkulísu tvisvar, fyrst sem strák og svo sem stelpu. Hægt er að ræða um kynhlutverk og staðalmyndir í tengslum við fötlun.
- Ef til eru stórar pappírsarkir er hægt að teikna útlínur barnanna og búa þannig til dúkkulísur.

